

L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð
sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum, öðrum en togurum yfir 500 brúttórúmllestir að stærð. Rétt til greiðslna úr áhafnadeild eiga ennfremur:

- a) Hlutarráðnir landmenn á línubátum, sem lögskráð er á.
- b) Skipverjar á fiskibátum með þilfari, sem eigi lúta lögskráningarskyldu. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en fjóra mánuði á ári, og að eigendur þeirra tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegs-
manna.
- c) Skipverjar á opnum vélbátum. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en þrjá mánuði á ári, að bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer) og að eigendur þeirra fullnægi að öðru leyti sömu skilyrðum og tilgreind eru í b-lið. Ennfremur skulu eigendur þeirra framvísa vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins um, að fullnægt sé reglum um öryggisbúnað.

Fæðisgreiðslur á þessum bátum séu greiddar á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert fyrir hvern áhafnarmeðlim á hvern úthaldsdag.

2. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Áhafnadeild skal greiða til viðkomandi útvegsmanna hluta sjómanna af fæðiskostnaði samkvæmt 15. gr. og standi þeir skil á honum til sjómanna.

Með reglugerð skal setja ákvæði um upphæð fæðisgreiðslna eftir sérstakri flokkun fiskiskipa, sem þar verður ákveðin.

Leita skal umsagnar þeirra aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs, svo og Fiskifélags Íslands, um reglugerðina, áður en hún verður gefin út. Ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda frá 1. júní 1980.

Fjárhæðir þær, sem verða ákveðnar með reglugerðinni, skulu breytast með breytingum á matvörulið framfærsluvísitölu.

3. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða úr áhafnadeild til togara, sem eru 500 brúttórúmllestir eða stærri, framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af útflutningssafurðum þessara togara.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 48 25. apríl 1973 og lög nr. 53 20. maí 1974.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um Grænlandssjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari samskiptum Íslendinga og Grænlandinga.

2. gr.

Grænlandssjóður skal veita styrki til kynnisferða, námsdvala, listsýninga, íþróttasýninga og annarra málefna á sviði lista, vísinda og tæknimála, er geta stuðlað að eflingu samskipta Grænlandinga og Íslendinga.

3. gr.

Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1981 og 1982 125 milljónir kr. hvort ár. Verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess skal sjóðsstjórnin leita eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum.

4. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins má jafnóðum breyta í grænlenskan gjaldeyri.

5. gr.

Til styrkveitinga skal verja allt að 9/10 hlutum vaxtatekna sjóðsins. Eigi skal skerða stofnfé sjóðsins. Gjafir til sjóðsins skulu að jafnaði leggjast við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sé sérstaklega þörf fyrir.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Alþingi kýs þá hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Forsætisráðherra skipar formann stjórnarinnar. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera til þriggja ára. Stjórn sjóðsins skal vera ólaunuð.

7. gr.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður hvenær stjórnin kemur saman til fundar, en auk þess geta tveir stjórnarmenn krafist fundar.